

AUGLÝSING**um afgreiðslutíma Selfoss Apóteks.**

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Selfoss Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga-föstudaga	kl. 9-18.30
Laugardaga, aðfangadag og gamlárstag	kl. 9-14
Sunnudaga og aðra helgidaga	kl. 13-15

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr., fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. júní 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grimsson.

AUGLÝSING**um afgreiðslutíma Akureyrar Apóteks og Stjörnu Apóteks, Akureyri.**

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal almennur afgreiðslutími Akureyrar Apóteks og Stjörnu Apóteks, Akureyri vera sem hér segir:

Mánudaga-föstudaga	kl. 9-18
Laugardaga	kl. 9-12

Auk framangreinds almenns afgreiðslutíma skulu lyfjabúðirnar vera opnar til skiptis eina viku í senn, sem hér segir:

Mánudaga-föstudaga	kl. 18-19 og 21-22
Laugardaga	kl. 12-14 og 20-21
Helgidaga og almenna fridaga	kl. 11-12, 15-16 og 20-21
Aðfangadag og gamlárstag	kl. 12-14 og 20-21

Einnig skulu lyfjabúðirnar annast neyðarvakt (kallvakt) að næturlagi á þeim tíma, sem ekki er opið samkvæmt framangreindu, og skulu þær annast þessa neyðarvakt til skiptis, eina viku í senn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grimsson.